

Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
150 Reykjavík

Akranesi, 9. júní 2017

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna

Almennar athugasemdir

Héraðsskjalasafn Akraness lýsir yfir ánægju sinni með að sjá loks drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna. Ljóst þykir að að mörgu er að hyggja og skiptir mestu að vanda til verksins svo reglugerðin geti staðist lög um opinber skjalasöfn og tryggja stjórnsýslulega meðferð opinberra gagna.

Reglugerðin í heild sinni þarf að ríma betur saman við *Lög um opinber skjalasöfn 77/2014*. Hún virðist endurspegla Safnalög nr. 141/2011 en svo má alls ekki vera þar sem um gjörólíkar safnategundir er að ræða. Í 2. gr. þeirra laga kemur skýrt fram að lögin eigi ekki að taka til bóka-og skjalasafna.

Heiti reglugerðarinnar er óskýrt þar sem reglugerðin fjallar um meira en það sem við kemur rekstri héraðsskjalasafns. Nær væri að reglugerðin hétu *Reglugerð um héraðsskjalasöfn*. Það heiti hefur dugað hingað til og nær yfir víðfeðmara svið heldur en einungis rekstur.

Í drögum að reglugerð eru sett fram ýmis kostnaðaraukandi ákvæði fyrir starfsemi héraðsskjalasafna og óljóst með öllu hve mikill kostnaðarauki þau ákvæði séu fyrir sveitarfélög þar sem kostnaðarmat hefur ekki enn farið fram. Þar má nefna að Þjóðskjalasafn Íslands hefur því ekki getað svarað spurningum varðandi kostnaðarmat á flutningi skjala við afturköllun rekstrarleyfis.

Athugasemdir við einstaka greinar

1. gr. – Gildissvið

Orðalag er: *Reglugerð þessi gildir um rekstur héraðsskjalasafns sem er sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands.*

Gerð er tillaga um eftirfarandi orðalag: **Reglugerð þessi gildir um héraðsskjalasöfn sem eru sjálfstæð opinber skjalasöfn sem lúta faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands.**

2. gr. – Rekstrarleyfi

Eðlilegt er að söfn sem eru þegar með heimild til að reka héraðsskjalasafn þurfi að uppfylla skilyrðin og senda inn þau gögn sem óskað er eftir. Ekki er eðlilegt að þau þurfi að sækja aftur um heimild enda hafa fyrri heimildir eða staðfestingar ekki verið felldar úr gildi. Þegar stofna á nýtt safn eða sækja um frumrekstrarleyfi fyrir safn, þá sé það sveitarstjórnin sem sækir um það.

3. gr. – Skilyrði rekstrarleyfis

Greinin í heild sinni er endutekning á 10. gr. safnalaga nr. 141/2011 en megin tilgangur laganna er að skapa ramma utan um úthlutanir úr Safnasjóði, styrkjarekstur og skilgreind verkefni sem viðurkennd söfn koma að. **Aftur skal ítreka að Safnalög taka ekki til bóka- og skjalasafna.** Það er lágmarkskrafa að reglugerð um héraðsskjalasöfn sé samin frá grunni með tilliti til héraðsskjalasafna en sé ekki byggð á lögum um annarskonar safntegundir. Opinber skjalasöfn eiga fátt sameiginlegt með annarskonar safntegundum enda gilda um þau sérstök lög.

8. Greinin í heild sinni er mjög íþyngjandi fyrir söfnin og vantar sveigjanleika.

Það ætti ekki að skylda safn með reglugerð til þess að taka á mótí rafrænum skjölum. Söfn ættu að geta haft með sér samstarf varðandi rafræna skjalavörslu eða útvistað ef svo ber undir.

Héraðsskjalasöfnum ber að leita leiða til þess að varðveita rafræn skjöl á sem kostnaðarminnstan og öruggastan hátt.

Í 92. gr. sveitarstjórnarlaga segir að tveimur eða fleiri sveitarfélögum sé heimilt að hafa samvinnu sín á milli um framkvæmd afmarkaðra verkefna. Það er því hlutverk hvers héraðsskjalasafns að útfæra þetta en ekki Þjóðskjalasafns að setja um það nákvæmar reglur.

6. gr. – Afturköllun rekstrarleyfis

Rekstur héraðsskjalasafna er á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa. Eignaréttur sveitarfélaga á skjölum sínum og sjálfstæði þeirra gagnvart ríkisvaldi er stjórnarskrárbundinn í 72. gr. Eignaupptaka og flutningur opinberra og einkaskjala væri því mjög vafasamur. Af því leiðir að afturköllun rekstrarleyfis á ekki heima í höndum Þjóðskjalasafns nema það falli í alvarlega vanhirðu sbr. vísan í 2. mgr., 10 gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Starfandi héraðsskjalasafn á því ekki að þurfa á nýju rekstrarleyfi að halda.

7. gr. – Styrkur

Ætti frekar að nota orðið vera „**Rekstrarstyrkur**“.

Hér þarf að kveða fastar að orði, að tryggja skuli árlegt rekstrarframlag til safnanna á fjárlögum í samræmi við auknar kröfur sem koma fram í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Héraðsskjalasafn á ekki að vera í samkeppni um styrki við aðrar opinberar stofnanir eða söfn.

8. gr. – Hlutverk héraðsskjalasafns

Þessi grein er tekin beint upp úr 13. gr. laga um opinber skjalasöfn og ætti því að heita *Hlutverk héraðsskjalasafna*.

Á Akranesi, 9. júní 2017

f.h. Héraðsskjalasafns Akraness

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður